

## Hádegisfundur foreldrafélags Árskóla

Stjórn foreldrafélagsins kom saman til óformlegs hádegisverðarfundar sem haldinn var í starfsmannaaðstöðu skólans þann 24.09. 2015 kl. 12:00-13:00.

Mætt voru: Katrín Ingólfssdóttir, Hrund Pétursdóttir, Sigrún Baldursdóttir, Jóna Salvör Kristinsdóttir, Óskar Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir.

Dagskrá:

1. Lagðar voru fram breytingar á skipulagi og starfsáætlun uppfærð. Ákveðið að funda með bekkjarfulltrúum/tengiliðum mánudaginn 12. október kl. 18:00 til að fara yfir ýmis mál er varða aðkomu tengiliða að félagslífi nemenda.
2. Rætt um bíóferðir með alla bekki, búið er að kynna þetta innan skólans og unnið er að skipulagi.
3. Hugmynd kom fram um sérstaka hugmyndasíðu fyrir vinahópa þar sem safnað væri hugmyndum að viðfangsefnum fyrir vinahópa.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:00.